

**Nefndarálit og breytingartillaga  
við tillögu að starfsreglum um þingsköp kirkjuþings.**

Frá löggjafarnefnd.

Frsm. Bryndís Malla Elídóttir.

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

breytingartillögu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. tillögunnar:

a. 2. töluliður fellur brott.

b. Í 3., 4. og 5. tölul. falla brott orðin: þar af allt að fjórum vígðum.

c. Ný 2. mgr. hljóðar svo: Forsætisnefnd ber ábyrgð á skipan fastanefnda.

2. gr.

Ný 1. mgr. 12. gr. tillögunnar hljóðar svo:

Kirkjuþing kýs, til eins árs í senn, framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar sem er skipuð þremur kirkjuþingsfulltrúum, þar af einum vígðum. Varamenn eru kosnir með sama hætti. Nefndin lítur eftir starfi rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar í samræmi við gildandi starfsreglur og stefnumörkun hverju sinni. Kirkjuþing setur nefndinni erindisbréf. Nefndin er kosin í óbundinni kosningu.

Reykjavík, 17. nóvember 2021.

*Löggjafarnefnd.*

Steindór R. Haraldsson, formaður.

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Arna Grétarsdóttir.

Axel Árnason Njarðvík.

Bryndís Malla Elídóttir.

Hildur Inga Rúnarsdóttir.

Skúli S. Ólafsson.  
Stefán Magnússon.